

Föstudaginn 14. febr. 1936.

Nr. 87/1935. **Bæjarstjórn Siglufjarðar**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Samvinnufélagi Ísfirðinga

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetaréttar Ísafjarðar 14. marz 1935: Hin umbeðna lögtaksgerð á hendur Samvinnufélagi Ísfirðinga á ekki að fara fram.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður verði ómerktur og að lagt verði fyrir fógetann að framkvæma hið umbeðna lögtak. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti. Stefndur krefst hinsvegar staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti.

Með því að fallast má á forsendur hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann. Samkvæmt þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefndum málskostnað fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 250 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar, greiði stefndum, Samvinnufélagi Ísfirðinga, kr. 250.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Ár 1934 var í Siglufjarðarkaupstað lagt 3600.00 kr. útsvar á Samvinnufélag Ísfirðinga á Ísafirði, vegna sildarsöltunar á Siglufirði árið 1933.

Samvinnufélag Ísfirðinga hefir eigi talið sér skylt að greiða útsvar þetta og neitað greiðslu, og hefir Siglufjarðarkaupstaður því krafist þess, að lögtak yrði gert í eignum félagsins fyrir útsvari og dráttarvöxtum að upphæð kr. 144.00 eða alls kr. 3744.00 og var lögtaksmálið þingfest í fógetarétti Ísafjarðar 11. janúar s.l.

Í málinu er það upplýst, að skip gerðarþola, Samvinnufélags Ísfirðinga, hafi sumarið 1933 lagt upp sild á Siglufirði, og að gerðarþoli hafi af afla skipanna verkað 12500 tonnur sem saltsild og 3000 tonnur sem kryddsild á sildarsöltunarstöð sinni á Siglufirði og hafi haft til þess margt fólk, sem ekki hafi verið í félaginu.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Siglufjarðarkaupstaðar, er því haldið fram, að gerðarþoli hafi grætt á sildverkun þessari og selt síldina til útlanda frá Siglufirði og sé það verzlun við utanfélagsmenn og útsvarsskyldur atvinnurekstur. Einnig er því haldið fram af gerðarbeiðanda, að með verkuninni hafi ný markaðsvara verið framleidd, og þar sem gerðarþoli hafi haft margt utanfélagsmanna til framleiðslu þessarar, sé þar einnig um viðskipti við utanfélagsmenn að ræða og sjálfstæðan útsvarsskyldan atvinnurekstur.

Beri að skoða arð samvinnufélaga af aðkeyptum vinnukrafti sem hliðstæðan við arð af aðkeyptum vörum. Hefir gerðarbeiðandi krafist þess af þessum ástæðum, að lögtaksgerðin verði látin fara fram.

Af hálfu gerðarþola er því hinsvegar haldið fram, að starfsemi félagsins á Siglufirði sé engin önnur en sú að sjá um verkun á afla félagsmanna og sé verkunin reiknuð þeim með kostnaðarverði. Að visu sjái félagið um sölu aflans, en hún fari að miklu leyti fram utan Siglufjarðar, og sé þar um viðskipti félagsmanna einna að ræða, en engan verzlunarhagnað þar eð eingöngu sé seld sild félagsmanna og þeim reiknaður hlutur af söluverði að fráðregnum kostnaði. Beri ekki að leggja útsvar á samvinnufélögin vegna vinnukrafts, er þau kaupi af utanfélagsmönnum. Sé félagið því ekki útsvarsskyld á Siglufirði, umfram það,

er Siglufjarðarkaupstað kunni að bera af útsvari félagsins á Ísafirði þar sem heimilisfang félagsins sé.

Hefir gerðarþoli af þessum ástæðum krafizt þess, að lögtaksgerðin verði eigi látin fram fara.

Skv. 6. gr. laga nr. 46 frá 1926, um útsvör sbr. og 38. gr. laga nr. 36 frá 1921, um samvinnufélög, ber samvinnufélögum að greiða útsvar „af arði sakir viðskipta við utanfélagsmenn með sama hætti sem kaupmenn á staðnum.“

Þessi ákvæði hafa almennt verið skilin og framkvæmd þannig, að þau taki aðeins til arðs af sölu aðkeyptrai vöru til utanfélagsmanna.

Auk þess að annar og rýmri skilningur á ákvæðum þessum myndi gera þau mjög erfið í framkvæmd, virðist fyrnefndur skilningur vera í beztu samræmi við orðalag ákvæðanna sjálfra samanborinna við ýms ákvæði samvinnufélagalaganna, sjá einkum 5. og 7. lið 3. gr. þeirra. Verður rétturinn því að telja fyrnefndan skilning réttan.

Af þessu leiðir aftur að starfræksla gerðarþola á Siglufirði, sem fyr er nefnd, er ekki „viðskipti við utanfélagsmenn“ í þeirri veru sem það hugtak er notað í fyrnefndum lögum, þó gerðarþoli hafi selt sild þá, er hann verkaði þar, til útlanda þaðan og haft utanfélagsmenn í vinnu verð verkun sildarinnar.

Lítur rétturinn því svo á, að gerðarþoli hafi ekki verið útsvarsskyldur á Siglufirði, og ber þá að neita um framkvæmd hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Aðiljar hafa gert kröfu til málskostnaðargreiðslu á hendur hvor öðrum, en þær kröfur er fógetarétturinn ekki bær að úrskurða.